



## **Blöðrublak.**

*Vekur ávallt mikla kátínu, sérstaklega hjá þeim yngri.*

### Yfirlit:

Tvö lið keppast við að slá blöðru yfir hvort annað.

### Hvað þarftu:

Stóla, jafn margir þátttakendum, eina blöðru (varablöðru ef ein skildi springa), gott opið svæði innandyra og 10+ þátttakendur.

### Hvað á að gera:

Myndið tvö jöfn lið. Raðið stólunum í tvær raðir með stólbökin á móti hvort öðru. Á milli stólaraðanna eiga að vera 1,5-2 metrar.

Liðin taka sér stöðu á stólunum á hnjúnum á andspænis hvort öðrum. Liðin reyna að slá blöðrunni yfir hvort annað. Stig vinnst þegar lið nær ekki að slá blöðrunni til baka og blaðran lendir á jörðinni að baki liðinu.

Blaðra sem lendir á milli liðanna (á milli stólaraðanna) gefur ekkert, leikstjórnandi tekur upp blöðruna og kemur henni aftur í leikinn.

Bannað er að grípa blöðruna, stíga upp á stól eða niður af stól. Leikjastjórnandi gefur stig og hleypir blöðrunni í leikinn.